

16. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

5. gr. laga nr. 99 3. maí 1935, orðist þannig:

Lán úr skuldaskilasjóði skulu veitt eigendum vélbáta ekki stærri en 60 smá-
lesta og skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir
skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum. Ennfremur má veita eigendum
linuveiðagufuskipa lán í sama skyni, þó svo að hin samanlagða lánsupphæð til
eigenda linuveiðagufuskipa fari ekki fram úr 250000 krónum. Lánin skulu veitt með
þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem í lögum þessum greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrár-
innar, visast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og
Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og
Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir þegnlega
tjáð Oss, að eigendur linuveiðagufuskipa séu svo nauðulega staddir efnalega,
að þeim verði ekki unnt, mörgum hverjum, að gera skip sín út á síldveiðar í
sumar, nema þeir komist undir ákvæði Skuldaskilasjóðslaganna og hafi þeir
því farið þess á leit, að 200000—250000 krónum af fé Skuldaskilasjóðs vélbáta-
eigenda verði varið til lánveitinga handa þeim, til þess að ná samningum um
skuldir þeirra, svo þeim verði unnt að halda áfram starfrækslu, þar á meðal
að gera út á síldveiðar í sumar. Við þessari málaleitun er ekki hægt að verða
samkvæmt gildandi lögum, en þar sem Vér teljum ekki verða hjá því komizt, að
sinna vandræðum eigenda linuveiðagufuskipa að nokkru, teljum Vér brýna
nauðsyn til bera að setja um þetta bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnar-
skrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

5. gr. laga nr. 99 3. maí 1935, orðist þannig:

Lán úr skuldaskilasjóði skulu veitt eigendum vélbáta ekki stærri en 60 smá-
lesta og skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir
skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum. Enn fremur má veita eigendum línu-
veiðagufuskipa lán í sama skyni, þó svo að hin samanlagða lánsupphæð til eigenda

línuveiðagufuskipa fari ekki fram úr 250000 krónum. Lánin skulu veitt með þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem í lögum þessum greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.